

310. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MIÐVIKUDAGINN 13. MAÍ 2020 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Samtal um breytt lagaumhverfi kirkjunnar
- 3) Fjármál og fasteignir
 - a) Erindi sóknarprests Laugalandsprestakalls
 - b) Breiðholtskirkja
 - c) Húsnæði kirkjumiðstöðvar Vestmannsvatns
 - d) Umsókn Reynivallasóknar um byggingarleyfi
- 4) Sóknasamband Íslands
- 5) Önnur mál
 - a) Kynning Skógræktarfélags Borgarfjarðar
 - b) Samstarfsverkefni fræðsluviðs og samskiptasviðs vegna þróunar miðla
 - c) Kynning á hönnunarstaðli og endurmörkun á kynningarefni kirkjunnar
 - d) Erindi sóknarprests Útskálaprestakalls
 - e) Skáli í Skálholti
 - f) Húsnæði til niðurrifs og/eða breytinga
 - g) Hraungerði á Suðurlandi, kirkjujörð

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:30 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Þá sátu fundinn undir lið 2 Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, kirkjuþingsmaður og formaður framtíðarnefndar, Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings og Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu. Pétur Markan, samskiptastjóri Biskupsstofu, sat fundinn undir lið 5c.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. SAMTAL UM BREYTT LAGAUMHVERFI KIRKJUNNAR

Kirkjuráð ræddi við forseta kirkjuþings og formann framtíðarnefndar um breytingar í kirkjunni vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju sem samþykktur var 6. september 2019 og frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar o.fl. (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar), 708. mál.

3. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) *Erindi sóknarprests Laugalandsprestakalls*

Lagt var fram erindi sóknarprests Laugalandsprestakalls, dags. 24. apríl 2020, þar sem lýst er yfir áhuga á að kaupa prestbústaðinn, en kirkjuþing hefur ákveðið að aflétta búsetuskyldu á staðnum.

Kirkjuráð samþykkti erindi sóknarprests og að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

b) *Breiðholtskirkja*

Fulltrúar kirkjuráðs í fjármálahópi, ásamt framkvæmdastjóra og fjármálastjóra hafa fundað með fulltrúum sóknarnefndar Breiðholtskirkju um stöðu sóknarinnar og aðkallandi framkvæmdir.

Kirkjuráð samþykkti að erindið verði tekið til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar vegna ársins 2021.

c) *Húsnæði kirkjumiðstöðvar Vestmannsvatns*

Kirkjuráð fjallaði um erindi Kirkjumiðstöðvarinnar Vestmannsvatni, dags. 27. apríl 2020, varðandi húsnæði Kirkjumiðstöðvarinnar, Vestmannsvatni.

Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins, fyrir næsta kirkjuráðsfund.

d) Umsókn Reynivallasóknar um byggingarleyfi

Lagt var fram erindi Reynivallasóknar um byggingaleyfi fyrir þjónustuhús, dags. 5. maí 2020.

- Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins, fyrir næsta kirkjuráðsfund.

Séra Arna Grétarsdóttir, vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. SÓKNASAMBAND ÍSLANDS

Kirkjuráð ræddi málefni Sókna sambands Íslands.

5. ÖNNUR MÁL

a) Kynning Skógræktarfélags Borgarfjarðar

Umhverfishópur hefur rætt um samning kirkjumálasjóðs við Skógræktarfélag Borgarfjarðar frá 2018 og fyrirliggjandi samningsdrög Skógræktarfélags Borgarfjarðar við Kolvið. Leggur umhverfishópurinn til að samningsdrögunum við Kolvið verði hafnað að svo stöddu og að fyrirliggjandi samningur við Skógræktarfélag Borgarfjarðar verði tekinn til endurskoðunar.

- Kirkjuráð samþykkti framangreinda tillögu umhverfishópsins.

b) Samstarfsverkefni fræðsluviðs og samskiptastjóra vegna þróunar miðla

Kirkjustarfshópur hefur fjallað um erindi samskiptastjóra og fræðsluviðs dagsett 28. apríl sl.

- Kirkjuráð samþykkti að fræðsluviðið vinni þá vinnu sem snýr að þróun miðla kirkjunnar, í samræmi við tillögur kirkjustarfshóps.

c) Kynning á hönnunarstaðli og endurmörkun á kynningarefni kirkjunnar

Kynntur var hönnunarstaðall og endurmörkun á kynningarefni kirkjunnar.

d) Erindi sóknarprests Útskálaprestakalls

Lagt var fram erindi sóknarprests Útskálaprestakalls, dags. 27. apríl 2020.

- Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu.

e) Skáli í Skálholti

Milli funda samþykkti kirkjuráð tilboð í færanlegt hús, skála í Skálholti.

- Kirkjuráð staðfesti samþykkt sína.

f) Húsnæði, til niðurrifs og/eða breytinga

- Kirkjuráð samþykkti niðurrif á gamla fjárhúsinu í Skálholti og samþykkti að fela fasteignasviði að annast um þá framkvæmd.

- Kirkjuráð samþykkti niðurrif á gömlu húsi við kartöflugarð á prestssetursjörðinni við Odda á Rangárvöllum og samþykkti að fela fasteignasviði að annast um þá framkvæmd.

- Kirkjuráð samþykkti niðurrif á útihúsunum á prestssetursjörðinni Breiðabólstað í Fljótshlíð og samþykkti að fela fasteignasviði að annast um þá framkvæmd.

g) *Hraungerði á Suðurlandi, kirkjujörð*

□ Kirkjuráð samþykkti að auglýsa jörðina Hraungerði til sölu og samþykkti jafnframt að fela framkvæmdastjóra að fylgja þeirri ákvörðun eftir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:35.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn miðvikudaginn 10. júní nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir